

Skotíþróttafélagið
Skyttur
Geitasandi
851 Hella
420409-1330
skotfelag@skyttur.is



14. júní 2024

Sveitastjórn Rangárbings ytra
Heilsu, íþróttu og tómstundanevnd Rangárbings ytra

Efni

Athugasemdir vegna samþykktar á 30. fundi sveitastjórnar vegna samstarfssamnings við Skotíþróttafélagið Skyttur.

Við hjá skotíþróttafélaginu Skyttum lýsum yfir vonbrigðum yfir málsmeðferð við gerð samstarfssamnings við félagið. Það var ekki búið að klára viðræður áður en sveitastjórn samþykkti samninginn samhljóða. Við getum því ekki undirritað þennan samninginn miðað við þær forsendur sem liggja fyrir.

Reifun

Skotíþróttafélagið undirritaði samstarfssamning við Rangárbing eystra (RE) eftir góðar samningaviðræður. Félagið kom fyrir íþróttu og æskulýðsnefnd ásamt því að eiga fund með sveitastjóra til að kynna starfsemi félagsins. Sveitastjórn fór heildrænt fyrir samningsgerð. Þar sem við vorum ekki með samning fyrir var okkar staða skoðuð sérstaklega út frá því. Niðurstaðan var að við fengum 1.300.000 kr. árlega tengt vísitölu. Að auki útvegar RE félaginu húsnæði fyrir hluta starfsins í kjallara undir Krónunni þar sem við erum með loftsál. RE greiðir einnig fyrir Sportabler.

Þann 10.1.2024 barst okkur tölvupóstur frá sveitastjóra RY sem stílaður var á formenn allrar íþróttafélaga um að þeir sem eru með samninga fengu þá framlengda fram í maí. Þar kom fram að skoða skuli þessi samningsmál **heilstætt** við þessi sex íþróttafélög sem sveitarfélagið er með samninga við og vísað er í eftirfarandi bókun:

„2312031 - Samningar við íþróttafélög. Endurnýjun

Lag er til að allir samningar við íþróttafélög verði framlengdir um 6 mánuði, svo hægt sé að vinna málið sem best í samstarfi við stjórnir félaga við gerð nýja samninga.

Áætlað er að vinnu við endurnýjun samninga við íþróttafélögin verði lokið í maí 2024 í samráði við hlutaðeigandi.

Lagt til að tillaga um tímabundna framlengingu samninga við Íþróttafélög til 6 mánaða verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.“

Við hjá Skyttum vorum því mjög vongóð um að farið yrði í sambærilega samningagerð og samningar skoðaðir heildrænt í góðri samvinnu við okkur eins og var gert með miklum sóma hjá RE.

Þann 14.5.2024 fengum við tölvupóst með drögum að samningi sem er nánast orðréttur eins og samningurinn við RE nema að upphæðin sem kemur fram er 700.000 kr. sem er töluvert lægri en frá RE, þótt skyldur og kvaðir væru þau sömu í samningnum.

Ég hitti svo Íþrótt og æskulýðsfulltrúa á stuttum fundi þann 16.05.2024 þar sem ég tjáði honum að innihald samnings liti vel út, enda nánast samhljóða samningnum við RE, nema við gerðum athugasemd við upphæðina sem væri í engu samræmi við innihald samningsins og starfsemi okkar. Einnig óskaði ég eftir rökstuðningi fyrir þessari upphæð. Þetta samtal var staðfest með tölvupósti sem ég sendi 20.05.2024.

Þann 05.06.2024 fáum við svar frá Íþrótt og æskulýðsfulltrúa um að búið sé að fara yfir þetta „af þar til bærum aðilum“ og við fáum spurningu um fjölda barna og unglina sem eru að æfa hjá RY og í þeim pósti kemur orðrétt **„Það er því miður ekki bolrúm í hækkun í þessum samningi en það var bent á styrkinn á móti fasteignagjöldum og frístundastyrkinn. Eins var boðið að við gætum tekið yfir Sportabler ef þess er óskað“**.

Við fengum ekki rökstuðning vegna þessarar upphæðar í samningnum eins og óskað var eftir. Við fengum hins vegar spurningu um fjölda iðkenda sem hefði átt að liggja fyrir áður en drögin voru samin, enda höfðu við sent upplýsingar á þáverandi Íþrótt og æskulýðsfulltrúa með þeim tölum. Við svörðum þessum pósti þann 07.05.2024 þar sem við óskuðum eftir fundi til að ræða samninginn.

Þeim pósti var svarað daginn eftir af Íþrótt og æskulýðsfulltrúa og okkur tjáð að hann komi okkar athugasemdum áfram og ætli svo að vera í sambandi.

Næsti póstur barst frá sveitastjóra þann 10.06.2024 um að búið sé að samþykkja samningin í sveitastjórn og hann sé tilbúinn að skrifa undir samningin við tækifæri.

Niðurlag

Það skal tekið fram að sveitastjóri fékk afrit af öllum samskiptum okkar við Íþrótt og æskulýðsfulltrúa.

Við teljum að í viðræðum þessum hafi okkur verið mismunað þar sem við fengum ekki kost á að sitja fund með sveitastjóra, koma okkar athugasemdum og rökstuðning á framfæri ásamt því að formlegum spurningum okkur var ekki svarað og er enn ósvarað. Engin niðurstaða var komin í viðræðurnar heldur eru þau drög sem sveitastjórn samþykkti þau sömu og þau drög sem okkur voru kynnt í upphafi og við mótmæltum.

Við teljum ljóst hvorki hafi þessi vinna verið unnin heildstætt, né unnið sem best í samstarfi við stjórn félagsins við gerð nýs samnings.

Við óskum eftir fundi með sveitastjórn RY þar sem við fáum að kynna okkar starf og jafnframt fyrir Heilsu, íþróttu og tómstundanevnd.

Við förum ekki fram á meira en að fá sömu tækifæri til samningagerða og önnur félög og að útteiling styrkja séu gagnsæ og rökstudd. Við viljum einfaldlega fá að sitja við sama borð og önnur félög og að jafnræðis sé gætt í þessari vinnu.

Virðingarfyllt
Magnús Ragnarsson
Formaður
Skotíþróttafélagið Skyttur
maggir@skyttur.is
8680546